

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna hjá dagforeldrum. Ekki er greitt fyrir júlímánuð.

Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að barn hafi náð 9 mánaða aldri. Í tilfalli einstæðra foreldra og námsmanna er greitt frá 6 mánaða aldri.
2. Að barn hafi lögheimili í Borgarbyggð.
3. Að dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
4. Að barn sé slysatriytt hjá dagforeldrinu.
5. Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og fjölskyldusviðs Borgarbyggðar.

Mánaðarleg greiðsla miðar við dvalartíma barnsins með eftirfarandi hætti:

	Niðurgreiðsla Borgarbyggðar	Gjald foreldra
4 tímar	33.176	21.417
5 tímar	41.445	24.893
6 tímar	49.713	30.876
7 tímar	57.981	34.353
8 tímar	66.250	37.830
9 tímar	74.517	41.305

Reglur um afslátt fyrir einstæðra foreldra og námsmenn og einnig vegna systkina taka mið af gjaldskrá leikskóla Borgarbyggðar. Sækja þarf sérstaklega um afsláttinn.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 13. desember 2018.